



## Leiðbeiningar til félagsmanna

### Hvenær má ég óska eftir því að upplýsingar um mig séu leiðréttar, þeim eytt eða vinnsla þeirra takmörkuð?

Undir vissum kringumstæðum átt þú, sem félagsmaður hjá stéttarfélagi, rétt á að fá tilteknum upplýsingum um þig leiðréttar, fá þeim eytt eða takmarka vinnslu þeirra. Byggjast þessi réttindi á 1. mgr. 20. gr. persónuverndarlaga og 16. til 18. gr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga frá 27. apríl 2016.

#### 1. Leiðrétting

Hinn skráði á rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar er varða hann sjálfan leiðréttar af stéttarfélagi án ótilhlýðilegrar tafar. Að teknu tilliti til tilgangsins með vinnslunni skal hinn skráði eiga rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar.

#### 2. Eyðing – Rétturinn til að gleymast

Hinn skráði á rétt á að stéttarfélagið eyði persónuupplýsingum um sig án ótilhlýðilegrar tafar ef ein eftirtalinna ástæðna á við:

- Persónuupplýsingarnar eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra eða annarri vinnslu þeirra.
- Hinn skráði dregur til baka samþykkið sem vinnslan byggist á engin annar lagagrundvöllur er til staðar fyrir vinnslunni.
- Hinn skráði andmælir vinnslunni í samræmi við persónuverndarlög og ekki eru fyrir hendi lögmætar ástæður fyrir vinnslunni sem ganga framar.
- Eyða þarf persónuupplýsingunum til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á stéttarfélaginu skv. lögum.

#### 3. Takmörkun á vinnslu

Við eftirfarandi kringumstæður getur hinn skráði krafist þess að vinnsla persónuupplýsinga sé takmörkuð:

- Þegar hinn skráði vefengir að persónuupplýsingar séu réttar, skal takmarka vinnslu þeirra þangað til ábyrgðaraðilinn hefur fengið tækifæri til að staðfesta að þær séu réttar.
- Þegar vinnsla er ólögmæt og hinn skráði andmælir því að persónuupplýsingunum sé eytt og fer fram á takmarkaða notkun þeirra í staðinn.
- Þegar stéttarfélagið þarf ekki lengur á persónuupplýsingunum að halda fyrir vinnsluna en hinn skráði þarfnast þeirra til þess að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur,
- Þegar hinn skráði andmælir vinnslu skal takmarka hana á meðan beðið er sannprófunar á því hvort hagsmunir stéttarfélagsins gangi framar lögmætum hagsmunum hins skráða.



## **Hvað er andmælaréttur og hvenær má ég andmæla vinnslu persónuupplýsinga um mig?**

Andmælaréttur er réttur til þess að biðja ábyrgðaraðila, þ.e. stéttarfélagið, um að hætta vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga. Skv. lögum á einstaklingur rétt á að biðja stéttarfélagið um að hætta vinnslu persónuupplýsinga um sig ef vinnslan byggist á 5. eða 6. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga.

5. tölul 9. gr. persónuverndarlaganna heimilar vinnslu sé hún nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með.

Þá kemur fram í 6. tölul. – 9. gr. persónuverndarlaga að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sef hún er nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður gætir nema hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem krefjast verndar persónuupplýsinga vegi þyngra, einkum þegar hinn skráði er barn.

Byggist vinnsla persónuupplýsinga þannig á öðrum grundvelli, t.d. á grundvelli þess að stéttarfélagið þurfi að vinna tilteknar persónuupplýsingar á vegna lagaskyldu, er því ekki skylt að taka tillit til andmæla félagsmanns.

## **Hvert skal beina beiðni á grundvelli þeirra heimilda sem hér eru upp taldar?**

Beiðnum skal beint til Persónuverndarfulltrúa stéttarfélagsins.

Hafdís E. Ásbjarnardóttir, sími: 460-3618 og [hafdis@ein.is](mailto:hafdis@ein.is)

Tekið skal fram að um sé að ræða beiðni á grundvelli persónuverndarlaga.

Akureyri, 6. júlí 2018

Frekari upplýsingar:

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2016/679 frá 27. apríl 2016

